

1858.

13. apríl.

5. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins, um blaðið Hirði.

Þér hafið sent oss bónarbréf frá útgefendum blaðsins „Hirði“, J. Hjaltalín landlækni og H. Friðrikssyni skólakennara, er þeir biðja um styrk handa fèlagi til eflingar sauðfjárræktarinnar á Íslandi, sem þeir nú ætla að stofna, og í bréfi 9. f. m. hafi þér, herra stiptamtmaður, mælt fram með því, að útgefendurnir fengi, ef orðið gæti, endurgoldinn kostnað allan við útgáfu blaðsins af 4000 rd. þeim, er til eru teknir í fjárhagslögunum 29. desember í fyrra 9. gr. stafl. c.¹⁾, eður ef fè þetta þyrfti að hafa til annars, svo þaðan væri einkis styrks að vænta, að stiptsprentsmiðjan tæki þá að sér kostnað og sölu blaðsins, en borgaði útgefendunum sanngjörn ritlaun, eptir því sem um semdi. En þar sem þeir báðu um styrk til félags þess, er þeir hafða í byggju að stofna, þá hafi þér eigi þókt geta gjört um það neinar uppástúngur, með því að enn væri ekki bert orðið um tilgang félagsins, skipun þess né lög.

Þessu svörum vèr á þá leið, að dómsmálastjórnin getur nú fyrst um sinn ekki ákveðið um nokkurn styrk til félags þessa, og verður því að biða nákvæmari uppástúngu um það frá yður, herra stiptamtmaður; en um kostnað blaðsins viljum vèr láta yður vita, að dómsmálastjórninni þykir ísjárvert að veita því samþykki sitt, að öllum kostnaði við útgáfu blaðsins, er eigi er sagt frá hve miklu muni nema, verði lokið af 4000 rd. þeim, er til eru teknir í fjárhagslögum þessa árs 9. gr. stafl. c., með því að hafa verður fè þetta á reidum höndum til annars kostnaðar; en hinu er dómsmálastjórnin eigi ósamþykk fyrir sitt leyti, að stiptsprentsmiðjan íslenzka taki að sér kostnað og sölu blaðsins, svo sem þér, herra stiptamtmaður, hafið stungið upp á, og borgi ritstjórunum hæfileg ritlaun, svo framarlega sem stjórn prentsmiðjunnar fái sæð að hún geti gengið að þeim kostum, og fè sè fyrir hendi, er þarf til þess kostnaðar.

1) Sjá Landsh. I., 810. bls. „III. Ýmisleg óvís útgöld 4000 rd.“